

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 8

Dags. 25.5.2004

Fundur félagsmálanefndar 25.5.2004.

8.fundur félagsmálanefndar haldinn í Kjarna 25.05 2004 kl.17.00

Mættir voru Jón Þ. Óskarsson, Ingvar Vagnsson, Svanhildur Þorgilsdóttir og Rósa Ösp Ásgeirsdóttir.

1. Umsókn um viðbótarlán. Fært í trúnaðarmálabók.
2. Lögð fram Skýrsla um undanþágu elli-örorkulífeyrisþega frá fasteignaskatti frá félagsmálaráðuneytinu. Umræður um skýrsluna.
3. Lögð fram skýrsla frá umsjónarmönnum við Opið hús fyrir eldri borgara. Nefndin lýsir ánægju sinni með starf vetrarins og mælist til að haldið verði áfram á sömu braut næsta vetur.
4. Rætt um aksturskostnað sveitarfélagsins. Nefndin mun leggja hugmyndir sínar fyrir sveitarstjórn til skoðunar.
5. Rósa Ösp sagði frá landsfundi Vertu til um forvarnarmál. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að leitað verði til verkefnisstjóra Vertu til, til aðstoðar við undirbúning stefnumótunar um forvarnarmál í sveitarfélaginu. Nefndarmenn ræddu um þörf á samstarfi við Aðaldælahrepp þar sem nemendur Þingeyjarsveit eru í Hafalækjarskóla. Einnig var rætt um nauðsyn á samstarfi við Íþróttá-og æskulýðsnefnd á hausti komandi um þessi mál.
6. Rætt um jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið.

Fundi slitið kl: 19.30